



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Innleiðingar- og kostnaðaráætlun vegna skýrslu starfshóps um nemendamiðað skólastarf*

Starfshópur um nemendamiðað skólastarf lagði fram eftirfarandi tillögur að innleiðingu nemendamiðaðs skólastarf skólaárið 2015 – 2016.

#### 1. Skólaráð

Starfshópurinn leggur til að gerð verði könnun á því hvort og hvernig grunnskólar í borginni framfylgja reglugerð um skólaráð en vísbendingar eru um að framkvæmd reglugerðarinnar sé ekki alltaf fylgt nægilega vel. Ef það reynist raunin þarf að tryggja að skólar fái þann stuðning og fræðslu sem þörf er á.

#### Áætlaður kostnaður:

Könnun verði unnin af tölfræði – og rannsóknarþjónustu SFS

Stuðningi og fræðslu við grunnskóla verði stýrt af fagskrifstofu grunnskóla m.a. í samstarfi við SAMFOK. Um er að ræða skriflegar leiðbeiningar á vef, fræðslufundi og námskeið. Áætlaður kostnaður vegna funda er **kr. 500 þús.**

#### 2. Raddir nemenda

Starfshópurinn leggur til að hlustað verði á raddir nemenda til að hægt sé að taka tillit til viðhorfa þeirra og reynslu við framkvæmd áætlunarinnar. Hér er ekki síst átt við hugmyndir þeirra varðandi nám og kennslu. Þetta mætti gera með hæfilega stórum og blönduðum hópi með þjóðfundarfyrirkomulagi.

#### Áætlaður kostnaður:

Vegna þriggja þjóðfunda er **kr. 450.000**

### 3. Nýtum áhugann og reynsluna sem er nú þegar til staðar

Gefa ætti þeim kennurum, sem hafa áhuga á að þróa nemendamiðað skólastarf, tækifæri til að fá fræðslu og stuðning. Þjóða ætti þessum kennurum námskeið á haustönn 2015 þar sem kennarar í Grundaskóla og Norðlingaskóla deila reynslu sinni. Á námskeiðinu ætti einnig að fjalla um hugmyndafræði nemendamiðaðs skólastarfs. Þátttakendum byðist að taka þátt í stuttu þróunarverkefni þar sem hver um sig tilraunakennir þrjár nemendamiðaðar kennslustundir að eigin vali. Sameiginlegir fundir yrðu haldnir til að þátttakendur geti deilt reynslu sinni. Þau verkefni sem þykja takast best verða kynnt í málstofum á Öskudagsráðstefnunni 2016.

Einnig væri mögulegt að einstakir kennarar eða teymi færu í aðra skóla í borginni til að kynna starf sitt eða taka upp kennslustundir á myndbönd og vista á vef SFS.

#### Áætlaður kostnaður:

Vegna vinnu 20 kennara þ.e. sameiginlegir fundir og kynning **kr. 1.800.000**

### 4. Myndbönd

Reynsla og þekking verði skjalfest með myndbandsupptökum sem vistaðar verða á vef skóla- og frístundasviðs.

#### Áætlaður kostnaður:

Verkefnið verður unnið af margmiðlunarveri skóla- og frístundasviðs.

### 5. Öskudagsráðstefnan 2016

Þema Öskudagsráðstefnunnar verði Nemendamiðað skólastarf. Lagt er til að leitað verði til Rekha Bhakoo skólastjóra Newton Farm um að flytja erindi um Barnasáttmálann í skólastarfi og til Andra Snæs Magnasonar til að fjalla um nemendamiðað skólastarf. Í málstofum verði kynnt þróunarverkefni kennara, myndband um nemendamiðað skólastarf, tengsl Barnasáttmálans og náms og fleiri verkefni og áherslur til eflingar nemendamiðuðu skólastafi.

#### Áætlaður viðbótarkostnaður:

M.a. vegna ráðstefnunnar. Til þess m.a. að hafa fleiri málstofur en venjulega og til að geta valið um aðalfyrirlesara **kr. 1.000.000**

### 6. Námskeið um borgaravitund

Í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og Menntavísindasvið Háskóla Íslands verði haldið námskeið um borgaravitund þar sem m.a. verkefni Saskatchewan Citizenship Education verði ítarlega kynnt.

#### Áætlaður kostnaður:

Vegna launa fyrirlesara, gistingar og ferða **kr. 1.500.000**

## 7. Styrkir

Í kjölfar Öskudagsráðstefnu og námskeiðs um borgaravitund og verði grunnskólum gert kleift að sækja um styrki til skóla- og frístundasviðs til að þróa nemendamiðað skólastarf með ólíkum áherslum.

Áætlaður kostnaður:

**kr. 4.000.000**

## 8. Hlutdeild foreldra

Stuðlað verði að því að foreldrar fái virka hlutdeild í þróun nemendamiðaðs skólastarfs t.d. með fræðslufundum í skólum og sérstökum myndböndum.

Áætlaður kostnaður:

Verkefnið verður unnið af skólunum sjálfum í samstarfi við skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

**Samtals kr. 9.250.000**

# Nemendamiðað skólastarf

## Skýrsla starfshóps

Júní 2015



**Reykjavíkurborg**  
Skóla- og frístundasvið



## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Starfshópurinn.....	3
Tillögur starfshópsins .....	3
Nemendamiðað skólastarf .....	4
Fundir og kynningar.....	5
Rætur hugmyndarinnar um nemendamiðað skólastarf.....	6
Nemendamiðað skólastarf um allan heim .....	7
Nemendamiðað skólastarf á Íslandi .....	8
Hvað segja rannsóknir okkur um nemendamiðað skólastarf hér á landi? .....	9
Raddir barna og ungmenna .....	10
Hindranir: Hefðir, vanþekking, óttinn við að deila völdum og skortur á faglegum stuðningi .....	11
Mat á árangri .....	13
Lokaorð.....	13
Heimildir: .....	15
Fylgiskjöl – Erindisbréf og fundargerðir.....	17

## Starfshópurinn

Samkvæmt erindisbréfi er hlutverk starfshóps um nemendamiðað skólastarf að setja fram hagnýtar tillögur um hvernig megi auka nemendamiðað skólastarf í grunnskólum borgarinnar með það að markmiði að auka áhrif nemenda á innihald og tilhögun eigin náms.

Helstu verkefni hópsins eru að draga upp grófa mynd af skólastarfinu á grunni fyrirliggjandi gagna og með tilliti til nemendamiðaðs skólastarfs, með áherslu á að finna það sem vel er gert.

- Skoða það sem er að gerast hjá öðrum þjóðum varðandi nemendamiðað skólastarf.
- Setja fram tillögur sem miða að því að auka nemendamiðað skólastarf, þar sem áhersla er á styrkleika nemenda, áhuga þeirra, sköpun og frumkvæði.
- Greina nauðsynlegar þjargir og gera tillögu að innleiðingu.
- Standa fyrir kynningu eða gera tillögu að kynningu tillagnanna.

Starfstími hópsins var áætlaður frá 1. desember 2014 til 15. apríl 2015. Af ýmsum ástæðum dróst fram í febrúar að hefja starfið og því lauk hópurinn störfum í júní 2015.

Fulltrúar í starfshópnum voru:

- Andri Snær Magnason, rithöfundur
- Bryndís Jónsdóttir, fulltrúi foreldra
- Eygló Rúnarsdóttir, skrifstofa SFS
- Gunnar Björn Melsted, Dalskóla fulltrúi kennara
- Kristín Sæmundsdóttir, skrifstofu SFS, starfsmaður hópsins
- Linda Heiðarsdóttir, Laugalækjarskóla fulltrúi skólastjórnenda
- Nanna Kristín Christiansen, skrifstofa SFS, formaður hópsins
- Ragnheiður I Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri Svinna verkfræði ehf.
- Þorsteinn Davíð Stefánsson, fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna

## Tillögur starfshópsins

- Skólaráð

Starfshópurinn leggur til að gerð verði könnun á því hvort og hvernig grunnskólar í borginni framfylgja reglugerð um skólaráð en vísbendingar eru um að framkvæmd reglugerðarinnar sé ekki alltaf fylgt nægilega vel. Ef það reynist raunin þarf að tryggja að skólar fái þann stuðning og fræðslu sem þörf er á.

- Raddir nemenda

Starfshópurinn leggur til að hlustað verði á raddir nemenda til að hægt sé að taka tillit til viðhorfa þeirra og reynslu við framkvæmd áætlunarinnar. Hér er ekki síst átt við hugmyndir þeirra varðandi nám og kennslu. Þetta mætti gera með hæfilega stórum og blönduðum hópi með þjóðfundarfyrirkomulagi.

- Nýtum áhugann og reynsluna sem er nú þegar til staðar

Gefa ætti þeim kennurum, sem hafa áhuga á að þróa nemendamiðað skólastarf, tækifæri til að fá fræðslu og stuðning. Þjóða ætti þessum kennurum námskeið á haustönn 2015 þar sem kennarar í Grundaskóla og Norðlingaskóla deila reynslu sinni. Á námskeiðinu ætti einnig að fjalla um

hugmyndafræði nemendamiðaðs skólastarfs. Þátttakendum byðist að taka þátt í stuttu þróunarverkefni þar sem hver um sig tilraunakennir þrjár nemendamiðaðar kennslustundir að eigin vali. Sameiginlegir fundir yrðu haldnir til að þátttakendur geti deilt reynslu sinni. Þau verkefni sem þykja takast best verða kynnt í málstofum á Öskudagsráðstefnunni 2016.

Einnig væri mögulegt að einstakir kennarar eða teymi færu í aðra skóla í borginni til að kynna starf sitt eða taka upp kennslustundir á myndbönd og vista á vef SFS.

- Myndbönd

Reynsla og þekking verði skjalfest með myndbandsupptökum sem vistaðar verða á vef SFS.

- Öskudagsráðstefnan 2016

Þema Öskudagsráðstefnunnar verði Nemendamiðað skólastarf. Lagt er til að leitað verði til Rekha Bhakoo skólastjóra Newton Farm um að flytja erindi um Barnasáttmálann í skólastarfi og til Andra Snæs Magnasonar til að fjalla um nemendamiðað skólastarf. Í málstofum verði kynnt þróunarverkefni kennara, myndband um nemendamiðað skólastarf, tengsl Barnasáttmálans og náms og fleiri verkefni og áherslur til eflingar nemendamiðuðu skólastafi.

- Námskeið um borgaravitund

Í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og Menntavísindasviði Háskóla Íslands verði haldið námskeið um borgaravitund þar sem m.a. verkefni Saskatchewan Citizenship Education verði ýtarlega kynnt.

- Styrkir

Í kjölfar Öskudagsráðstefnu og námskeiðs um borgaravitund og verði grunnskólum gert kleift að sækja um styrki til að þróa nemendamiðað skólastarf með ólíkum áherslum.

- Hlutdeild foreldra

Stuðlað verði að því að foreldrar fái virka hlutdeild í þróun nemendamiðaðs skólastarfs t.d. með fræðslufundum í skólum og sérstökum myndböndum.

## Nemendamiðað skólastarf

Hugmyndin um nemendamiðað skólastarf vísar til þess að nemendur hafi áhrif á nám sitt og námsumhverfi. Samofið hugmyndinni er þörfin fyrir fjölbreytt námsframboð og kennsluhætti til að tryggja að allir nemendur hafi kost á námi við sitt hæfi. Jafnframt er sterk áhersla á mikilvægi samvinnu og lýðræðislegra vinnubragða.

Þessar áherslur má sjá í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 en í 2. gr. segir m.a. að skólinn skuli „haga störfum... í ... samræmi við stöðu og þarfir nemenda“ og jafnframt segir að starfshættir í grunnskólum skuli „mótast af ... lýðræðislegu samstarfi“.

Þetta er nánar skilgreint í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 en þar segir m.a.:

*Mikilvægt er að skólinn taki mið af þörfum allra barna og ungmenna á einstaklingsbundinn hátt. Allir þurfa tækifæri til að njóta styrkleika sinna sem er lykilþáttur í að byggja upp jákvæða sjálfsmynd. Mörg áhugamál barna og ungmenna stuðla að heilbrigði og geta nýst í þessu samhengi. Með því að*



*gefa áhugasviðum þeirra rými í skólastarfinu gefst tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga, byggja upp jákvæða sjálfsmynd og efla þannig heilbrigði (2.1.5).*

Einnig segir: „Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn og ungmenni skynja merkingu viðfangsefnanna og gildi þeirra“ (2.1.6)

Auk þess kveður aðalnámskrá á um að hlutverk skólans sé að efla borgaravitund nemenda. „Með borgaravitund er átt við viðhorf og hæfni fólks til að vera virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi í samræmi við réttindi sín og skyldur (aðalnámskrá grunnskóla, 2011. 6).

Þeir starfshætti sem hér hefur verið lýst hafa verið nefndir ýmsum nöfnum svo sem einstaklingsmiðað nám (e. individualized/personalised/adaptive learning; d. inividuel opplæring), námsaðlögun (n. tilpasset opplæring) og skóli án aðgreiningar (e. inclusion). (Gerður G. Óskarsdóttir, 2014, bls. 13).

Í matstæki um þróun einstaklingsmiðaðs náms sem unnið var 2005 voru sett fram viðmið um þróun starfshátta innan hverrar stoðar í sex stiga kvarða. Stoðirnar eru: skipulagsstoðin, námsumhverfisstöðin, viðhorfastöðin, kennarastöðin, nemendastöðin og foreldrastöðin (Menntasvið Reykjavíkurborgar, 2005).

## Fundir og kynningar

Samtals voru haldnir 10 fundir í starfshópnum þar sem fram fóru umræður og kynningar með það að markmiði að skoða stöðuna í skólunum í dag hvað varðar áhersluna á nemendamiðað skólastarf og greina hugsanleg úrræði.

Eftirfarandi hefur verið kynnt og rætt:

- Ragnheiður I Þórarinsdóttir kynnti nýsköpunarverkefni sem hún veitir forystu er nefnist EcoPonics og er unnið í samstarfi við Háskóla Íslands.
- Harpa Rut Hilmarisdóttir kynnti kennsluefnið Biophilia og Gunnar Björn Melsted sagði frá því hvernig unnið er með verkefnið í Dalskóla.
- Ólafur Páll Jónsson, heimspekingur, fjallaði um skilning okkar á lýðræðislegu skólastarfi
- Flosi Einarsson, verkefnastjóri, og Sigurður Arnar Sigurðsson, aðstoðarskólastjóri í Grundaskóla á Akranesi, kynntu skipulag skólastarfs í nemendamiðuðu umhverfi og framkvæmd nemendalýðræðis í Grundaskóla.
- Ólafur Stefánsson og Halldór Þorsteinsson kynntu tölvuleikinn Keywe.
- Ragnar Stefánsson, kennari við grunnskólann á Stokkseyri og Eyrarbakka, sagði frá verkefninu Barnabær.
- Sif Vígbórsdóttir, skólastjóri í Norðlingaskóla, kynnti nemendamiðað starf í skólanum.

Að mati starfshópsins verður nemendamiðað skólastarf ekki innleitt í grunnskóla Reykjavíkur með stefnu eða átaki. Hér er um langtíma verkefni að ræða sem krefst hugafarsbreytinga, breyttra starfshátta og viðeigandi stuðnings, einkum símenntunar, kennsluráðgjafar og námsefnis. Þróun nemendamiðaðs skólastarfs þarf því að vinna í góðu samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið, Menntavísindasvið Háskóla Íslands og kennsluráðgjafa.

Starfshópurinn gerir það að tillögu sinni að gerð verði a.m.k. þriggja ára áætlun um eflingu nemendamiðaðs skólastarfs í grunnskólum Reykjavíkurborgar, þar sem tryggður verði aðgangur að viðeigandi símenntun kennara, faglegum stuðningi og viðeigandi námsefni. Æskilegt er að sérstakur verkefnastjóri eða teymi stýri innleiðingunni.

Lagt er til að tillögur Simon Breakespear á uLead ráðstefnunni í Alberta í Kanada í mars 2015 verði höfð til hliðsjónar þegar stefnt er að breytingum í skólastarfi:

- Ekki á að reyna að breyta fólki, heldur spyrja hverjir vilja breytingar, hverjir vilja vera með og vinna með þeim.
- Gera á stutta stefnu um þróunarverkefnið ca. 1 bls. þar sem markmiðin eru skilgreind þ.e. hvert erum við að fara og hvers vegna?
- Ekki setja nema eitt til þrjú markmið, helst bara eitt.
- Gefa á öllum tækifæri til að taka þátt og hafa áhrif – þar er samræðan í lykilhlutverki.
- Byrja smátt, vinna hratt og gera færri mistök.

Grunnskólar Reykjavíkur hafa fjölmörg tækifæri til að stuðla að nemendamiðuðu skólastarfi í meira mæli en hingað til. Hér á undan var bent á tillögur að leiðum.

## Rætur hugmyndarinnar um nemendamiðað skólastarf

Þjóðir um allan heim leggja í vaxandi mæli áherslu á nemendamiðað skólastarf, sem einnig hefur verið nefnt raddir nemenda (e. Students voice) og nauðsyn þess að nemendur hafi tækifæri til áhrifa innan skólans og sjái meiri tilgang í námi sínu. Skólastarfið er byggt á þeim forsendum að tekið sé meira mark á skoðunum og vilja nemenda og að hagsmunir þeirra ráði meiru um skipulag og uppbyggingu alls skólastarfs en hefðin segir til um. Slíku skólastarfi er ætlað að stuðla að því að nemendur verði ábyrgari borgarar (Guðmundur Heiðar Frímannsson, 2013). Hér er síður en svo um nýja hugmynd að ræða en að nokkru leyti má rekja hana aftur til úrgáfu bókarinnar Émile eftir Rousseau sem kom út um miðja 18. öld. Þar setur höfundur þarfir barnsins í forgrunn. Á 20. öldinni kom Dewey (1938/2000) fram með sínar kenningar þar sem rík áhersla er lögð á ábyrgð nemenda á eigin námi, sem hann áleit jafnframt vera nám hópsins. Einnig fjallaði Dewey mikið um þátt samfélagsins í uppeldi barna. Hugsanlega hefur óttinn við stjórnleysi gert einhverja fráhverfa þessum hugmyndum en með áherslunni á nemendamiðað skólastarf er alls ekki litið svo á að nemendur eigi að búa við fullkomið frelsi til að gera hvað sem þeir vilja heldur er forsenda góðs uppeldis og menntunar talin vera gagnkvæm áhrif fullorðinna og barna (Guðmundur Heiðar Frímannsson, 2013).

Fullyrða má að hugtakið efling / valdefling (e. empowerment) tengist aukinni áherslu á nemendamiðað skólastarf á okkar tímum. Upphaf hugmyndarinnar um eflingu er rakið til baráttunnar um borgararéttindi í Bandaríkjunum í lok sjöunda áratugar, baráttunnar við fátækt og kynþáttamisrétti og til kvenfrelshreyfingarinnar. Megin markmiði eflingar er að auka vald einstaklinga eða hópa þannig að viðkomandi eigi þess kost að bæta aðstöðu sína, auka velferð, lífsskilyrði eða lífsgæði (Nanna Kristín Christiansen, 2010). Í stað þess að sérfræðingar, s.s. kennarar, taki ákvarðanir um hvað sé einstaklingum og hópum fyrir bestu er unnið með þeim á jafnréttisgrunni þar sem viðhorf þeirra og reynsla vega jafn þungt og þekking sérfræðingsins.

Loks má benda á að grundvallaratriði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna fjalla um rétt barna til að láta í ljós skoðanir sínar og að tekið sé réttmætt tillit til þeirra í samræmi við aldur og þroska (Barnasáttmálinn, 12. grein). Í 29. grein sáttmálans er jafnframt kveðið á um að menntun skuli beinast að því að gefa börnum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og undirbúa þau til að lifa ábyrgu lífi í frjálsu þjóðfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, jafnréttis kynjanna og vináttu allra þjóða og þjóðernishópa. Stuðla ber að virðingu fyrir mannréttindum, mismunandi menningarlegri arfleifð, tungu og gildismati, öðru fólki og náttúrulegu umhverfi mannsins.

## Nemendamiðað skólastarf um allan heim

Eitt af lykilatriðum menntastefnu Evrópuráðsins er áherslan á að efla borgaravitund nemenda og virka þátttöku þeirra en Pestalozzi áætluninni er ætlað að auka færni evrópskra kennara í kennsluháttum sem stuðla að þessum atriðum (*Pestalozzi program*). Með markvissri áherslu á gagnkvæma virðingu, samstarf og samræðu þjálfast nemendur í öllum námsgreinum í lýðræðislegri hugmyndafræði og vinnubrögðum.

Nemendamiðað skólastarf verður æ sýnilegri á Norðurlöndum. Sem dæmi má nefna að í væntanlegri námskrá í Finnlandi, sem líta mun dagsins ljós næstkomandi haust, verður megin áherslan á samruna námsgreina, teymisvinnu kennara og virka þátttöku nemenda ekki síst í ákvörðunum sem varða nám og kennslu (*The Independent*, 2015).

Í enskum skólum sitja nemendur allt frá 5 ára aldri í skólaráðum. Árangurinn hefur þó reynst mis góður því í könnun sem gerð var þar í Englandi árið 2007 sýndi að aðeins 8% nemenda töldu skólaráðin virka nægilega vel. Almennt töldu þeir áhrif þeirra vera of afmörkuð við ákveðna þætti og að nemendur fái ekki tækifæri til að hafa þau áhrif sem þeir óskuðu eftir. Mælt hefur verið með því að leitað verði fjölbreyttari leiða til að efla nemendur í skólaráðum meðal annars með sérstökum stuðningi við fulltrúana (*Teaching Times*). Dæmi eru þó um að nemendur taki virkan þátt í öllum mikilvægum ákvörðunum sem varða starf skólans, þar á meðal fjármálum og rekstri. Í þeim tilvikum er umræðan löguð að þroska barnanna. Hér verður sérstaklega bent á Newton Farm Nursery, Infant & Junior School í London, en í samræðum við skólastjóra skólans, Rekha Bhakoo, í maí 2013, kom fram að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna gengur eins og rauður þráður gengum allt nám og samskipti nemenda og starfsfólks.

Í Kanada hefur áherslan á nám í borgaravitund verið áberandi. Má þar nefna námsefnið *Citizenship Education* (borgaravitund) sem hefur verið í þróun í Saskatchewan í samstarfi menntamálaráðuneytis og dómsmálaráðuneytis. Samkvæmt hugmyndafræðinni er viðeigandi menntun nú í dag forsenda þess að nemendur geti orðið ábyrgir borgarar í framtíðinni. Námsefnið fléttast inn í allt nám nemendanna frá 6 ára aldri (*Citizenship Education*). Fyrstu árin er hún samofin móðurmálskennslu en á unglingsstigi er hún hluti af samfélagsfræðinni.

Meðal þeirra sem fjallað hafa um mikilvægi nemendamiðaðs skólastarfs er bandaríski fræðimaðurinn Dennis Sherly en á ráðstefnu uLead samtakanna sem haldin var í Alberta í Kanada í mars 2015 sagði hann frá því að nemendamiðað skólastarf hefði áhrif um öll Bandaríkin og víðar. Hann nefndi dæmi um nemendahóp sem tekur afstöðu til þess hvernig best sé að læra margföldunartöfluna. Áður en ákvörðunin er tekin ræða nemendur í hópum um það hvort það sé mikilvægt fyrir þau að læra

margföldunartöfluna utanað eða ekki og færa rök fyrir máli sínu. Sherley lýsti einnig kennsluháttum í mexíkóskum skóla þar sem eldri nemendur eru „mentorar“ yngri nemenda og styðja markvisst hvern annan í náminu.

Á sömu ráðstefnu hvatti Pak Tee Ng, fræðimaður frá Singapore, skólafólk til að virða eðlislæga eiginleika barna eins og forvitni, hugmyndaauðgi og uppfinningasemi og að nálgast námið á fjölbreyttan hátt þannig að allir nemendur fái notið námsins.

Einnig má nefna hugmyndir nýsjálenska fræðimanninn Viviane Robinson sem mikið hefur fjallað um innleiðingu nemendamiðaðs skólastarfs, m.a. í bók sinni *Student-Centered Ledership*.

## Nemendamiðað skólastarf á Íslandi

Íslenskir skólar hafa einnig tekið stefnuna að nemendamiðuðu skólastarfi. Nægir þar að nefna að í lögum um grunnskóla frá 2008 er kveðið á um að tveir kjörnir fulltrúar nemenda skuli sitja í skólaráðum og taka þátt í samráði skólastjóra og skólasamfélags um skólahald (Reglugerð um skólaráð við grunnskóla nr. 1157/2008).

Einstakir skólar hafa einnig þróað leiðir til að auka áhrif nemenda á nám sitt. Þar má nefna þemavikur þar sem hefðbundið skólastarf er látið víkja fyrir fjölbreyttu starfi en markmiðið er að koma til móts við áhuga nemenda. Verkefnið Barnaland í Grunnskólanum á Stokkseyri og Eyrarbakka er dæmi um slíkt starf en það á rætur sínar í Danmörku. Þá viku sem verkefnið er á dagskrá er skólastarfið óhefðbundið, foreldrar taka virkan þátt og fleiri aðilar í samfélaginu, s.s. stjórnáamenn eru með stuðning, fræðslu og umræður við nemendur. Þannig má segja að umgjörð skólans sé rofin og nemendum gefið tækifæri til að auðga reynsluheim sinn.

Norðlingaskóli er meðal þeirra skóla í borginni sem lagt hafa hvað mesta áherslu á nemendamiðað skólastarf. Meðal þess sem einkennir skólann er að allir nemendur gera sér vikulega námsáætlanir, svokölluð áform. Þeir vinna einnig skipulega með áhugasvið sín allt skólaárið. Sveigjanleiki er í stundaskrá til að koma til móts við nemendur svo þeir geti ákveðið hvað þeir gera í námi sínu í hverri viku. Þeir hafa einnig val um hvar og hvernig þeir vinna verkefni sín. Skólinn hefur markvisst tekið snjalltæki í sína þjónustu og meðal annars nýtt þau til vendikennslu sem gerir nemendum kleift að stunda nám á þeim tíma sem best hentar þeim, heima eða í skólanum. Við skólann eru skólaþing, námsnefndir, bekkjarfundir, nemendaviðtöl, matssamtöl og samráðsfundir með stjórnendum sem skapa tækifæri til að efla virka þátttöku nemenda í ákvörðunum um nám þeirra og skólastarf, m.a. um meðferð fjármagns. Nemendur taka sjálfir þátt í að ákveða hvaða valgreinar eru í boði. Vikulega eru smiðjur þar sem unnið er með þemaverkefni þvert á árganga. Stunduð er samkensla árganga og nemendur hafa val um umsjónakennara svo það helsta sé tilgreint.

Við lok 10. bekkjar í Laugalækjarskóla vinna nemendur í 10. bekk viðamikið rannsóknarverkefni. Í verkefninu er efnið skoðað frá mörgum ólíkum sjónarhornum og hefðbundin stundatafla er leyst upp. Verkefnið nær yfir fjögurra vikna samfellt tímabil og er þverfaglegt. Vinnan byggist á öflun upplýsinga, úrvinnslu og skilum í fjölbreyttu formi. Nemendur velja sér tjáningarform. Þeir geta t.d. búið til fræðilega úttekt tengda náttúrufræði eða samfélagsfræði en auk þess, listaverk, dans, leikþætti, sögur, vísindatilraun, uppfinningu eða viðskiptahugmynd svo fátt eitt sé nefnt. Námsmatið byggist á efnistöfum, vinnuferli, kynningu og afrakstri. Verkefnið er hápunktur þverfaglegrar vinnu sem hefur

átt sér stað hjá nemendum frá 7. – 10. bekkjar í samstarfi við upplýsingaver skólans. Lokaverkefni af þessu tagi fara fram í mörgum grunnskólum í lok 10. bekkjar með ólíku sniði en þó alltaf með áherslu á hugðarefni og áhugamál nemenda.

Grundaskóli á Akranesi hefur lengi verið í fararbroddi varðandi nemendamiðað skólastarf. Mikill vilji er þar til að skoða, þróa og gera betur til að efla nemendur. Skólinn leggur ríka áherslu á valgreinar þar sem verklegar greinar hafa jafn mikið vægi og bóklegar greinar. Það vekur einnig athygli að hefðbundnar kaffistofur starfsfólks hafa vikið fyrir sameiginlegum aðstöðum nemenda og starfsmanna en þannig er jafnrétti þessara hópa og gagnkvæmt virðing undirstrikuð.

Síðast en ekki síst má benda á Biophilia verkefnið sem þróað er í samstarfi Bjarkar Guðmundsdóttur, Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar, en verkefnið gerir ráð fyrir því að komið sé til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Þessi stutta samantekt sýnir að hugmyndin um nemendamiðað skólastarf er lifandi um allan heim. Markmiðið er í megin dráttum það sama, að nemendur hafi áhrif á nám sitt og námsumhverfi og að námsframboð sé fjölbreytt. Auk þess er sterk áhersla á eflingu borgaravítundar með markvissri samvinnu og lýðræðislegum vinnubrögðum, m.a. í kennsluháttum.

## **Hvað segja rannsóknir okkur um nemendamiðað skólastarf hér á landi?**

Þrátt fyrir að vísbendingar séu um nemendamiðað skólastarf í grunnskólum hér á landi er margt sem bendir til þess að enn séu vannýtt tækifæri í þessa átt.

Niðurstöður rannsóknarinnar *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar* sem unnin var hér á landi árin 2008 – 2013 sýna m.a. að algengustu kennsluáferðirnar voru bein kennsla með eða án samræðna við nemendur og kennsla þar sem stuðst er við vinnubækur. Auk þess er mun meiri áhersla á kennarastýrt nám en það sem nefnt er nemendamiðað nám. Niðurstöður í heild sinni benda ekki til þess að langt hafi miðað í átt að einstaklingsmiðuðu námi þó margir kennarar sýni áhuga á að þróa aðferðir í þá átt. Rannsakendur benda á að umtalsverður munur sé á kennsluháttum eftir aldurstigum og skólum þar sem kennarar yngstu nemendanna og kennarar í teymiskennsluskólum beita oftast hópvinnu, tilraunum, verklegum æfingum, leikrænni tjáningu, útikennslu, þemavinnu og sjálfstæðum verkefnum. Í þessum skólum var um meiri fjölbreytni að ræða og þar voru oftast notaðar kennsluáferðir sem reyndu á sjálfstæð vinnubrögð. Í rannsókninni kom fram að nemendur töldu þátttöku sína og áhrif á ákvarðanir um námið, inntak þess, framvindu og mat vera takmarkaða. Þeir álitu sig sjaldan fá tækifæri til að láta rödd sína hljóma. Þegar um þátttöku þeirra er að ræða telst það frekar vera málamyndarþátttaka, þar sem nemendur hafa í rauninni ekkert val um hvað þeir eiga að gera eða á hvern hátt þeir geta verið þátttakendur. Þetta er sama niðurstaða og Gerður G. Óskarsdóttir komst að í sinni rannsókn 2013 (Ingvar Sigurgeirsson, Amalía Björnsdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2014).

Birna Sigurjónsdóttir hefur stýrt heildarmati í grunnskólum Reykjavíkur frá árinu 2007. Frá byrjun ársins 2009 hafa 1.066 kennslustundir verið metnar og greindar. Í grein sinni sem birtist í Netlu segir Birna:

*Greining á kennsluháttum í þessum rúmlega þúsund stundum sýnir að langalgengast er að nemendur vinni að verkefnum undir beinni stjórn kennara og hlusti á fyrirlestur eða innlögn hans. Kennarinn er þannig í aðalhlutverki sem fræðari og stýrir námi nemenda að því marki að sömu lausnir komi fram hjá öllum nemendum. Greining kennsluhátta eftir námsgreinum sýnir að kennarastýring er enn meiri í bóklegum greinum en list- og verkgreinum.*

*Markviss samvinna nemenda, þ.e. að þeir vinni að sameiginlegu viðfangsefni og komist að sameiginlegri niðurstöður sást í 12% stunda og sjálfstæð vinna nemenda að einhverju leyti að eigin vali í 10%. Þemavinna er algengust í samfélagsgreinum og tilraunir sjást helst í náttúrugreinum, en einnig í þessum greinum eru algengustu kennsluhættirnar verkefnavinna og innlögn kennara.*

*Lítill munur er á kennsluháttum eftir aldri nemenda. Í öllum aldurshópum er verkefnavinna undir stjórn kennara algengust en bein kennsla eða innlögn er þó heldur algengari á unglingsstigi en hjá yngri nemendum.*

*Samkvæmt þessum niðurstöðum úr vettvangsathugunum í rúmlega eitt þúsund kennslustundum vantar mikið upp á þá fjölbreyttu kennsluhætti sem mikil áhersla er lögð á í nýrri aðalnámskrá frá 2011 og einnig í aðalnámskrá frá árinu 2006. Umhugsunarefni er einnig að markviss samvinna nemenda og sjálfstæði þeirra í námi fá lítið rými en hvort tveggja er hluti af þeirri lykilhæfni sem ný aðalnámskrá gerir ráð fyrir að einkenni nám nemenda. (Birna Sigurjónsdóttir, 2015).*

*Ingvar Sigurgeirsson (2003) komst að sömu niðurstöðu 2003 en hann segir: Alvarlegasti vandi grunnskólans virðist vera hve starfshefðir sýnast bundnar á þann klafa að ætla nánast öllum nemendum á sama aldri að ná sama marki á öllum sviðum. Í yfirgnæfandi fjölda þeirra kennslustunda sem höfundur hefur fylgst með á undanförunum árum er nemendum gert að kljást við sömu viðfangsefni á sama tíma.*

*Rannsóknin Stafshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar sýnir að mikið ósamræmi er á milli stefnumörkunar stjórnvalda og þess sem gerist inni í skólunum. Það er því ljóst að ekki nægir að setja stefnu um nemendamiðað skólastarf heldur þarf að fylgja stefnunni eftir með markvissum úrræðum (Ingvar Sigurgeirsson, Amalía Björnsdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2014).*

## **Raddir barna og ungmenna**

Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor í uppeldis- og menntunarfræðum við Háskóla Íslands, hefur staðið fyrir viðamikilli rannsókn um borgaravitund ungs fólks á Íslandi. Meðal niðurstaðna í rannsókninni eru að nemendur sem telja sig fá tækifæri til umræðna í skólastofunni hafa jákvæðari viðhorf til réttinda, t.d. til réttinda innflytjenda (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Eva Harðardóttir, 2012). Það er því til mikils að vinna að efla umræður í skólastarfi.

Í samnorrænni könnun um rétt barna til þátttöku sem unnin var af UNICEF komu eftirfarandi upplýsingar fram. En markhópurinn var nemendur í efstu bekkjum íslenskra grunnskóla (12 til 16 ára).

Með tilliti til þátttöku eru eftirtaldir þættir mikilvægastir að mati þátttakenda:

- Að nemendur fái að koma með ábendingar um hegðun kennara
- Að hafa áhrif á hvað maður gerir í tómsundum sínum og hvað sér gert í tómsundastarfi manns

- Að hafa áhrif á skipulag og útlit eigin herbergis
- Að nemendur fái að koma með áhendingar um kennsluna
- Að ráðs sjálfur hvernig maður eyðir eigin peningum (Unicef).

Reykjavíkurráð ungmenna hefur í áraraðir flutt tillögur um breytingar á námi og kennslu í grunnskólum í Reykjavík á árlegum fundum með borgarstjórn. Tillögunum hefur verið vísað til skóla- og frístundaráðs til umfjöllunar. Ungu fólkið hefur til að mynda óskað eftir breytingum á inntaki náms sem og kennsluháttum. Flestar snúa tillögurnar að því sem að þeirra mati vantar inn í nám grunnskólabarna, s.s. möguleika á að læra grunnatriði í táknmáli, skyndihjálp og kynjafræði, en einnig um aukið vægi einstakra þátta. Þar má fyrst telja aukna lífsleiknikennslu þar sem geðrækt, fordómar, fjármálalæsi og kynfræðsla eru meðal efnisþátta sem unga fólkið vill fjalla um í sínu námi. Jafnframt vill unga fólkið sjá breytta umgjörð náms í átt til aukinnar einstaklingsmiðunar.

## **Hindranir: Hefðir, vanþekking, óttinn við að deila völdum og skortur á faglegum stuðningi**

Erfitt er að fullyrða um helstu hindranir í átt til þróunar nemendamiðaðs skólastarfs en þó er ekki ólíklegt að hefðir, skortur á faglegu öryggi og stuðningi og óttinn við að deila völdum hafi þar sterk áhrif. Eins og fram kom í áðurnefndum rannsóknum á starfsháttum í grunnskólum og í heildarmati á grunnskólum í Reykjavík þá eru kennsluhættir almennt í föstum hefðbundnum skorðum. Rannsóknir hafa sýnt að skólastarf breytist mjög hægt (Fullan, 2001). Það eru sterkar hefðir tengdar skólanum sem geta veitt sumum ákveðið öryggi í síbreytilegum heimi. Fræðimenn hafa leikið sér að því að bera saman skurðstofu fyrir 100 árum og skurðstofu í dag þar sem munurinn er æpandi. Hann er hinsvegar ekki jafn mikill þegar bornar eru saman skólastofa og skólastofa fyrir 100 árum síðan. Með þessu er verið að undirstrika hinar ríkjandi hefðir í skólanum og þá takmörkuðu þróun sem þar hefur átt sér stað, samanborið við það sem er að gerast annarsstaðar í samfélaginu. Það er ekki við kennarana eina að sakast, því bent hefur verið á að foreldrar þekki skólann fyrst og fremst eins og hann var þegar þeir voru sjálfir nemendur og í huga sumra sé það „rétti“ skólinn. Þessir foreldrar óttast þess vegna breytingar og þróunarstarf.

Hlutdeild nemenda í skólastarfinu hefur fram til þessa fyrst og fremst verið afmörkuð við félagsstarfið. Enda segir Guðmundur Heiðar Frímansson (2013) að hefðin í íslenskum grunn- og framhaldsskólum sé sú að nemendur fái að ráða og stjórna félagslífi skólanna en þegar kemur að skólastarfinu sjálfu virðast sjónarmið þeirra hafa lítil áhrif á framvinduna. Þessu er að hans sögn svipað farið hjá nágrannalöndunum, þrátt fyrir mikla umræðu um stöðu, vilja og áhrif nemenda.

Eins og fram kom í Starfsháttarannsókninni sýndu margir kennarar áhuga á að þróa kennsluaðferðir sínar í átt til einstaklingsmiðaðs náms (Ingvar Sigurgeirsson, Amalía Björnsdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2014). Þetta gæti bent til þess að kennara skorti tækifæri og stuðning til að þróa faglegt starf sitt. Í sömu rannsókn er einnig bent á að opinberar stefnur í skólumálum séu lítt sýnilegar í kennslustofum (Ingvar Sigurgeirsson, Amalía Björnsdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2014). Levin (2012) varar einmitt við því að stjórnvöldum hætti til að setja fram stefnur og gera ráð fyrir að það nægi til að ná fram breytingum. Það gerist hins vegar aldrei, fullyrðir Levin, nema því aðeins að þeim fylgi innleiðingarátætlun með fullnægjandi faglegum

stuðningi við kennara. Ingvar Sigurgeirsson (2003) tekur undir þetta: „Ef vænta á verulegra breytinga á skólastarfi þurfa ýmsar aðstæður í skólum að breytast mikið. Til þess að hrinda af stað og viðhalda víðtækum skólaumbótum þarf róttækar breytingar á þeim skilyrðum sem við búum við úti í skólunum, sem og á kennaramenntuninni“

Hargreaves (1999, 2000) og Laksy (2000) hafa fjallað um viðhorf kennara til fagmennsku sinnar sem m.a. tengist hugmyndum um ákveðna fjarlægð frá nemendum og foreldrum þeirra og einnig um vald. Þau telja að kennarar geti óttast að missa völd og mannvirðingu með því að auka samstarfið við foreldra. Ekki er ólíklegt að svipað gildi varðandi samstarf við nemendur á jafnréttisgrunni. Eins og fram kemur hjá Shier (2001) þá tengist deiling valds einmitt nemendamiðuðu skólastarfi. Greiningarmódel sitt setti hann fram til að auðvelda þeim sem fara með stjórn eða vald í stofnunum þar sem börn og unglingar eru þátttakendur að greina stöðu sína svo hægt sé að gera áætlanir um breytingar í átt til aukins samráðs og aðkomu barna og unglunga.

Stig þátttöku	Upphaf	Tækifæri	Skyldur	Stig þátttöku
5. Börn deila valdi og ábyrgð við ákvarðanatöku	Ertu tilbúin/n að deila hluta af valdi þínu sem fullorðinn með börnum?	Er verklag sem gerir börnum og fullorðnum kleift að deila valdi og ábyrgð við ákvarðanatöku?	Er það regla/skylda að börn og fullorðnir deildi valdi og ábyrgð við ákvarðanatöku?	Ertu tilbúin/n að deila hluta af valdi þínu sem fullorðinn með börnum?
4. Börn eru virkjuð með í ákvarðanaferli	Ertu tilbúin/n að hleypa börnum að ákvarðanaferlum?	Er verklag sem gerir börnum kleift að taka þátt í ákvarðanaferlum?	Er það regla/skylda að börn verði að vera aðila að ákvarðanaferlum?	Ertu tilbúin/n að hleypa börnum að ákvarðanaferlum?
3. Sjónarmið barna eru höfð að leiðarljósi	Ertu tilbúin/n að taka mið af sjónarmiðum barna?	Eru ákvarðanatökufæri þess eðlis að þau geri þér kleift að taka mið af sjónarmiðum barna?	Er það regla/skylda að sjónarmiðum barna verði að gefa vægi við ákvarðanatöku?	Ertu tilbúin/n að taka mið af sjónarmiðum barna?
2. Börn eru studd í að tjá sjónarmið sín	Ertu tilbúin/n til að styðja börn í að tjá sjónarmið sín?	Hefur þú fjölbrettar hugmyndir að leiðum til að styðja börn til að tjá sjónarmið sín?	Er það regla/skylda að börn þurfi að styðja til að tjá sjónarmið sín?	Ertu tilbúin/n til að styðja börn í að tjá sjónarmið sín?
1 Hlustað er á börn	Ertu tilbúin/n til að hlusta á börn?	Vinnur þú á þann hátt að það geri þér kleift að hlusta á börn?	Er það regla/skylda að hlusta á börn?	Ertu tilbúin/n til að hlusta á börn?
„Byrjum hér“				

Shier (2001). *Eygló Rúnarsdóttir þýddi úr ensku.*

Tafla Shier minnir um margt á ferli sem Nordahl (2007) hefur sett fram um þróun samstarfs. Hann telur að fyrsta skref samstarfs felist í því að aðilar deili upplýsingum, annað skrefið er samræða (dialog) á jafnréttisgrunni en endahnúturinn er rekinn með sameiginlegum ákvörðum. Þá fyrst telur hann vera um eiginlegt samstarf að ræða.





Nordahl (2007)

Skólinn er ekki eyland og þegar stefnt er að viðamiklum breytingum þarf því að horfa á heildarmyndina. Skólar sem kjósa að leggja áherslu á nemendamiðað skólastarf þurf t.d. að eiga kost á námsefni í samræmi við það. Fram kom í umfjöllun Sifjar Vígbórsdóttur á fundi með starfshópnum 21. maí 2015 að það hamlar mjög skólaþróun í íslenskum skólum hversu takmarkað framboð er á námsefni og enn sem komið er miðast úrgáfa efnis fyrst og fremst við hefðbundið skólastarf. Hún bendir á að eina framlag ríkisins til grunnskóla sé námsefni en að skólinn sem hún stýrir þ.e. Norðlingaskóli geti iðulega ekki notað efnið sem þar er í boði og nýti þar með ekki framlag ríkisins til skólans. Þess í stað þurfi kennararnir í skólanum að vinna námsefnið í undirbúningstíma og í yfirvinnu sem sveitarfélagið greiðir.

Loks má nefna að skólar sem kjósa að leggja aukna áherslu á nemendamiðað skólastarf þurfa nauðsynlega á fræðslu og faglegum stuðningi að halda sem fram til þessa hefur ekki reynst mjög aðgengilegur.

## Mat á árangri

Við upphaf innleiðingarinnar þarf að gera grunnlínuræðingu t.d. með því að kanna viðhorf og reynslu nemenda til þriggja megin þátta nemendamiðaðs skólastarfs. Hafa nemendur áhrif á nám sitt og námsumhverfi, tryggir fjölbreytt námsframboð og kennsluhættir að komið sé til móts við ólíkar þarfir nemenda og einkennist skólastarfið að samvinnu og lýðræðislegum vinnubrögðum? Með því að endurtaka þessa könnun eftir 2 – 3 ár á að vera hægt að meta hvort innleiðingin skilar árangri. Upplýsingar sem fást í vettvangskönnunum í heildarmati geta einnig gefið mikilvægar upplýsingar enda liggja nú þegar fyrir upplýsingar sem hægt er nota til samanburðar.

## Lokaorð

Hugmyndin um aukin áhrif nemenda í eigin námi og námsumhverfi er ekki ný en á síðustu árum hefur hún fengið aukið vægi um allan heim og er studd með lögum og fræðilegum rannsóknum. Í skýrslunni er sýnt fram á að hér á landi hefur ýmislegt þokast í átt að nemendamiðuðu skólastarfi en almennt eru skólarnir okkar þó stutt komnir og sóknarfærin fjölmörg.

Að mati starfshópsins verður nemendamiðað skólastarf ekki innleitt í grunnskóla Reykjavíkur með stefnu eða átaki. Hér er um langtíma verkefni að ræða sem umfram annað krefst hugafarsbreytinga,

breyttra starfshátta og viðeigandi stuðnings. Þróun nemendamiðaðs skólastarfs þarf því að vinna í góðu samstarfi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Menntavísindasvið HÍ og kennsluráðgjafa.

Starfshópurinn gerir það að tillögu sinni að gerð verði a.m.k. þriggja ára áætlun um eflingu nemendamiðaðs skólastarfs í grunnskólum Reykjavíkurborgar þar sem tryggður verði aðgangur að viðeigandi símenntun kennara, faglegum stuðningi og námsefni. Æskilegt er að sérstakur verkefnastjóri eða teymi stýri innleiðingunni.

## Heimildir:

- Barnasáttmálinn. <https://barn.is/barnasattmalinn/kynning-a-barnasattmalanum/> sótt á vef í maí 2015.
- Birna Sigurjónsdóttir. (2015). Kennsluhættir í grunnskólum Reykjavíkur. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun* : <http://netla.hi.is/kennsluhaettir-i-grunnskolum-reykjavikur-nidurstodur-ytra-mats> Sótt á vef í maí 2015
- Citizenship Education: <http://saskatchewanhumanrights.ca/learn/citizenship-education> Sótt á vef í maí 2015.
- Dewey. J. (1938/2000). *Reynsla og menntun*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Fullan, M. (2001). *The New Meaning of Educational Change*. Kafli 7. New York: Teachers College Press.
- Gerður G. Óskarsdóttir (2014). Í Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri), *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Guðmundur Heiðar Frímansson. (2013). Raddir nemenda og lýðræði í skólastarfi. í Rúnar Sigbórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmunur Heiðar Frímansson (ritstjórar), *Fagmennska í skólastarfi skrifað til heiðurs Trausta Þorsteinsyni*. Háskólinn á Akureyri. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hargreaves, A. (1999). Professionals and parents. Social movement for educational change.: <http://link.springer.com/article/10.1007%2FBF02754066?LI=true#page-1> Sótt á vef í maí 2015
- Hargreaves, A. (2000). *Changing teachers, changing times. Teachers' work and culture in the postmodern age* (5. útgáfa). Lindin, New York: Continuum.
- Ingvar Sigurgeirsson, Amalía Björnsdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir og Kristín Jónsdóttir. (2014). Í Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri), *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ingvar Sigurgeirsson. (2003). Kennaramenntun og skólaþróun. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. vef í maí 2015: <http://netla.hi.is/greinar/2003/004/index.htm>. Sótt á vef í maí 2015.
- Lasky, S. (2000). The cultural and emotional politics of teacher-parent interactions. *Teaching and teacher education*, 16 (843-860).: <http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0742051X00000305> Sótt á vef í maí 2015.
- Levin B. (2012). *System-wide Improvement in Education*. The International Academy of Education. Toronto.
- Menntasvið Reykjavíkurborgar (2005). *Matstæki um einstaklingsmiðað nám*. Reykjavíkurborg: Menntasvið.
- Nanna Kristín Christiansen. (2010). *Skóli og skólaforeldrar, ný sýn á samstarfið um nemandann*. Reykjavík: Iðnú.
- Pestalozzi progarm*: <http://www.coe.int/en/web/pestalozzi> Sótt á vef í maí 2015.
- Reglugerð um skólaráð við grunnskóla, 1157/2008
- Shier, H. (2001). Pathways to participation: Openings, opportunities and obligations. *Children & Society*, 15(2).
- Sigrún Aðalbjarnardóttir og Eva Harðardóttir. 2012. Lýðræðislegar bekkjarumræður og viðhorf til réttinda innflytjenda - Sýn nemenda. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Ráðstefnurit Menntakviku 2012. <http://netla.hi.is/menntakvika2012/013.pdf> . Sótt af vef í maí 2015.

*Teaching Times*: <http://www.teachingtimes.com/articles/student-voice-on-school-councils.htm> Sótt á vef í maí 2015

The Independent (2015). <http://www.independent.co.uk/news/world/europe/finland-schools-subjects-are-out-and-topics-are-in-as-country-reforms-its-education-system-10123911.html>. Sótt á vef í maí 2015:

Unicef. (Án ártals). *Unicef á Íslandi. Samnorræn könnun um rétt barna til þátttöku 2009 – 2010*. Unicef.

## Fylgiskjöl – Erindisbréf og fundargerðir

<b>Heiti vinnuhóps:</b>  Nemendamiðað skólastarf
<b>Ábyrgðarmaður:</b>  Ragnar Þorsteinsson
<b>Hlutverk:</b> Að setja fram hagnýtar tillögur um hvernig megi auka nemendamiðað skólastarf í grunnskólum borgarinnar með það að markmiði að auka áhrif nemenda á innihaldi og tilhögun eigin náms. Gera áætlun að innleiðingu tillagnanna.
<b>Helstu verkefni:</b> Að draga upp grófa mynd af skólastarfinu á grunni fyrirliggjandi gagna og með tilliti til nemendamiðaðs skólastarfs, með áherslu á að finna það sem vel er gert. Skoða það sem er að gerast hjá öðrum þjóðum hvað þetta varðar. Setja fram tillögur sem miða að því að auka nemendamiðað skólastarf, þar sem áhersla er á styrkleika nemenda, áhuga þeirra, sköpun og frumkvæði. Greina nauðsynlegar þjargir og gera tillögu að innleiðingu. Standa fyrir kynningu eða gera tillögu að kynningu tillagnanna.
<b>Fulltrúar í stýrihópi:</b> Einn skólastjórnandi: Linda Heiðarsdóttir, Laugalækjarskóla Einn kennari: Gunnar Björn Melsted, Dalskóla Einn fulltrúi úr skapandi greinum: Andri Snær Magnason Einn fulltrúi úr raungreinum: Ragnheiður I Þórarinsdóttir Einn fulltrúi foreldra: SAMFOK Einn fulltrúi ungmennaráðs: Þorsteinn Davíð Stefánsson Tveir fulltrúar fagskrifstofu SFS: Eygló Rúnarsdóttir og Nanna Kristín Christiansen
<b>Formaður vinnuhóps:</b> Nanna Kristín Christiansen
<b>Starfsmenn:</b> Eygló Rúnarsdóttir
<b>Ráðgjöf/samstarf:</b> Kennarasamband Íslands, Reykjavíkurráð ungmenna, Samfok og fræðasamfélagið eftir þörfum.
<b>Starfstímabil:</b> Frá 1. des 2014 – 15. apríl 2015
<b>Skil:</b> Til Ragnars Þorsteinssonar

## Nemendamiðað skólastarf

### Fundarstaður Borgartún 14 Laufbrekka 5. hæð 3. febrúar kl. 15.00.

Mættir: Nanna Kristín Christiansen, Andri Snær Magnason, Eygló Rúnarsdóttir, Gunnar Björn Melsted, Linda Heiðarsdóttir, Ragnheiður I Þórarinsdóttir, Bryndís Jónsdóttir og Kristín Sæmundsdóttir sem ritar.

Þorsteinn Davíð Stefánsson boðaði forföll.

Fundarefni: Erindisbréf, starfsáætlun hópsins og önnur mál.

Þetta gerðist:

Nanna Kristín setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

- Nanna Kristín fór yfir erindisbréfið og helstu verkefni starfshópsins.
- Fulltrúar starfshópsins kynntu sig og sögðu frá væntingu sínum til verkefnisins.
- Nanna Kristín kynnti nokkrar bækur sem tengjast verkefninu og bauð hún fundarmönnum að fá þær lánaðar.
- Til umræðu var hvernig best væri að vinna verkefnið ýmsar hugmyndir voru ræddar.
- Á næsta fundi ætlar starfshópurinn að setja niður starfsáætlun fyrir verkefnið.
- Ákveðið var að senda starfshópnum boð inn á Trello.com

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 11. febrúar kl. 14:00 – 15:30

Fundarstaður Borgartún 14. Laufbrekka 5.hæð

Fundi slitið kl. 16.00

Kristín Sæmundsdóttir ritaði fundinn.

## Nemendamiðað skólastarf

### Fundarstaður Borgartún 14 Laufbrekka 5. hæð 11. febrúar kl. 14.00.

Mættir: Nanna Kristín Christiansen, Andri Snær Magnason, Eygló Rúnarsdóttir, Gunnar Björn Melsted, Ragnheiður I Þórarinsdóttir, Bryndís Jónsdóttir, Þorsteinn Davíð Stefánsson og Kristín Sæmundsdóttir sem ritar.

Linda Heiðarsdóttir boðaði forföll.

Fundarefni: Starfsáætlun hópsins og önnur mál.

Þetta gerðist:

- Nanna Kristín setti fund og bauð fundarmenn velkomna sér í lagi Þorstein Davíð sem var að koma á sinn fyrsta fund, hann kynnti sig og sagði frá væntingum sínum til verkefnisins.
- Nanna bað fundarmenn að greina frá hugmyndum sínum varðandi starfsáætlun hópsins.
- Margar hugmyndir voru lagðar fram s.s.
- Ragnheiður bauðst til að kynna verkefni sem hún er að vinna en það m.a. samtengir fiskeldi og grænmetisræktun.
- Fara í heimsókn í skóla eða fá fulltrúa skólans í heimsókn, sem er til fyrirmyndar hvað varða nemendamiðað skólastarf.
- Skoða lýðræðisleg áhrif nemenda á skólastarfið í skólaráðum grunnskólanna
- Kalla til nemendur og láta þá segja hvað þau vilja gera.
- Styðja við kennara sem vilja breyta starfsháttum.
- Fá kynningu frá Hörpu Rut Hilmarsdóttur til að kynna kennsluefnið Biophilia
- Fá Ólaf Stefánsson á fund með starfshópnum.
- Fá Ólaf Pál Jónson á fund hann skrifaði bæklinginn um Lýðræði og mannréttindi.
- Ákveðið að fá Ólaf Stefánsson á næsta fund Andri Snær ætlar að hafa samband við hann, kynningu frá Ragnheiði og kynningu á Biohilia.

Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 5. mars kl. 14:00 – 16:00

Fundarstaður Borgartún 14. Laufbrekka 5.hæð

Fundi slitið kl. 16.00

## Nemendamiðað skólastarf

### Fundarstaður Borgartún 14 Laufbrekka 5. hæð 5. mars kl. 14.00.

Mættir: Nanna Kristín Christiansen, Andri Snær Magnason, Eygló Rúnarsdóttir, Gunnar Björn Melsted, Linda Heiðarsdóttir, Ragnheiður I Þórarinsdóttir, Bryndís Jónsdóttir, Þorsteinn Davíð Stefánsson og Kristín Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundarefni: Kynning á verkefnum Ragnheiðar I Þórarinsdóttur, Harpa Rut Hilmarsdóttir kynnr Biophilia

Þetta gerðist:

- Nanna Kristín setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
- Ragnheiður I Þórarinsdóttir kynnti nýsköpunar sem hún veitir forystu er nefnist EcoPonics það er unnið í samstarfi við HÍ. Verkefnið spannar – framleiðslu – nýsköpun – fræðslu og upplifun. Um er að ræða sjálfbæra nýtingu náttúruauðlindar til matvælaframleiðslu. Verkefnið er styrkt af Rannís og fleirum stofnunum. EcoPonics hefur einnig fengið Leonard Evrópustyrk samstarfsaðilar í Evrópuverkefninu eru frá Danmörku og Noregi.
- Hörpu Rut Hilmarsdóttir kynnti kennslufnið Biophilia. Verkefnið er þverfaglegt þar vinna saman kennarar, vísinda, hugvits og listamenn. Leitast er við að brjóta upp hefðbundið kennsluform og áhersla er lögð á verk barnanna. Biophilia fer vel við áherslur í sköpun í aðalnámskrá, notkun upplýsingatækni, starfsþróun kennara, styrkir sjálfsmynd kennara og barna.
- Gunnar Björn Melsted sagði frá því hvernig unnið er með kennslufnið Biophilia í Dalskóla.
- Ákveðið að fá Ólaf Pál Jónsson heimspeking á næsta fund en hann skrifaði bæklinginn um Lýðræði og mannréttindi.

Næsti fundur fellur niður en á fundinum þann 20. kl. 13 koma:

kl. 13. Ólafur Páll Jónsson heimspekingur og fjallar um nemendalýðræði í víðum skilningi með tilliti til grunnþátta menntunar.

Kl. 13:45 kemur Hrönn Ríkhardsdóttir skólastjóri í Grundaskóla og talar um framkvæmd nemendalýðræðis í skólastarfi.

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 20. mars kl. 13:00 – 14:30  
Fundarstaður Borgartún 14. Laufbrekka 5.hæð

Fundi slitið kl. 15.30



## Nemendamiðað skólastarf

### Fundarstaður Borgartún 14 Laufbrekka 7. hæð 20 mars kl. 13.00.

Mættir: Eygló Rúnarsdóttir, Andri Snær Magnason, Gunnar Björn Melsted, Linda Heiðarsdóttir, Ragnheiður I Þórarinsdóttir, Bryndís Jónsdóttir, Þorsteinn Davíð Stefánsson og Kristín Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Nanna Kristín Christiansen formaður hópsins, var í náms- og kynnisferð í Kanada.

Þetta gerðist:

- Eygló setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
- Ólafur Páll Jónsson heimspekingur kom og ræddi við starfshópinn um nemendalýðræði í víðum skilningi með tilliti til grunnþátta menntunar. Miklar og gagnlegar umræður sköpuðust um nemendalýðræði. Ólafur Páll sendi starfshópnum meðfylgjandi skjal sem tengist umræðuefninu.
- Flosi Einarsson, verkefnastjóri á unglíngastigi og Sigurður Arnar Sigurðsson aðstoðarskólastjóri í Grundarskóla á Akranesi kynntu og töluðu um framkvæmd nemendalýðræðis í Grundarskóla. Þeir afhentu starfshópnum glærur "Teymisvinna í Grundarskóla".

Fundi slitið kl. 15.30

Mikilvægt er að starfshópurinn hittist fyrr en ráðgert var því huga þarf að skýrslugerð sem fyrst. Vonandi geta sem flestir mætt með svona stuttum fyrirvara næstkomandi föstudag.

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 27. mars kl. 14:00 – 15:30

Fundarstaður Borgartún 14. Laufbrekka 5.hæð

## Nemendamiðað skólastarf

### Fundarstaður Borgartún 14 Laufbrekka 7. hæð 9.apríl kl. 14.00.

Mættir: Nanna Kristín Christiansen, Andri Snær Magnason, Gunnar Björn Melsted, Linda Heiðarsdóttir, Ragnheiður I Þórarinsdóttir, Bryndís Jónsdóttir, Þorsteinn Davíð Stefánsson og Kristín Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Eygló Rúnarsdóttir boðaði forföll

Þetta gerðist:

- Nanna Kristín setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
- Nanna Kristín greindi starfshópnum frá því að krafa hefði komið frá yfirstjórn SFS um að skila áfangaskýrslu um *nemendamiðað skólastarf*. Skýrslan þarf að vera tilbúin fyrir fjárhagsáætlun sviðsins, skila á skýrslunni 10. apríl.
- Nanna Kristín bar upp hugmyndir og tillögur af áfangaskýrslu sem hún er búin að vinna. Sýndi hún tillögurnar á glærum og bað starfshópinn um að koma með viðbótatillögu.
- Nanna Kristín kynnti einnig ráðstefnuna sem hún fór á í Kanada og sagði frá áhugverðum fyrirlesurum og erindum sem þar voru flutt.
- Starfshópurinn samþykkti tillögurnar og þökkðu Nönnu Kristínu fyrir hennar vinnu.

Eftirtaldar tillögur og hugmyndir komu frá starfshópnum:

- A. Þróunarverkefni kennara
  - B. Símenntunarnámskeið
  - C. Myndband
  - D. Nám í borgaravitund
  - E. Ráðstefna um nemendamiðað skólastarf
  - F. Styrkir
- Hvetja kennarateymi til finna leiðir til að virkja áhuga barna af erlendum uppruna á námi.
  - Huga einnig að foreldrasamvinnu hvernig er hægt að virkja foreldra til að þjálfa og styðja börn sín í borgaralegri vitund.
  - Ákveðið var að starfshópurinn myndi funda í fimm skipti til viðbótar og fá eftirtalda aðila til að koma inn á fundi með erindi: Ólaf Stefánsson, Ragnar kennari frá Stokkseyri, Sif Vígbórsdóttur skólastjóra Norðlingaskóla og Margréti Theodórsdóttur skólastjóra Tjarnarskóla.

- Með fundargerðinni fylgir *ÁSkýrsla starfshóps*

Fundi slitið kl. 15:

Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 14. apríl kl. 15:00 – 16:30

Fundarstaður Borgatún 14. Laufbrekka 5.hæð. Dagskrá: Ólafur Stefánsson kemur á fundinn.

#### **Nemendamiðað skólastarf**

#### **Fundarstaður Borgatún 14 Laufbrekka 7. hæð, 14.apríl kl. 15.00.**

Mættir: Nanna Kristín Christiansen, Eygló Rúnarsdóttir, Andri Snær Magnason, Gunnar Björn Melsted, Linda Heiðarsdóttir, Ragnheiður I Þórarinsdóttir og Kristín Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Bryndís Jónsdóttir, Þorsteinn Davíð Stefánsson boðuðu forföll.

Gestir fundarins voru Ólafur Stefánsson og Halldór Þorsteinsson.

Þetta gerðist:

- Nanna Kristín setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
- Ólafur Stefánsson og Halldór Þorsteinsson kynntu KEYWE kennslu og leikjaforrit sem þeir eru langt komnir með að þróa.
- Hugmyndin KEYWE er að geta leikið sér með áhugamál, minningar, þekkingu og þjálfað sig í leiðinni. Markmiðið með KEYWE forritinu er að vera hluti af komandi þróun kennsluhátta þar sem allt geymt á sama stað.
- Ólafur og Halldór sýndu hvernig hægt er að nota forritið.
- Ólafur og Halldór eru búnir að prófa KEYWE forritið með nokkrum tíu ára börn úr Barnaskóla Hjallastefnuna og Landakotsskóla unnið var meðal annars með *Njálu*.
- Nanna Kristín spurði hvenær KEYWE yrði tilbúið, stefnt er að það verði tilbúið í júní.

Fundi slitið kl. 16:15

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 29. apríl kl. 14:30 – 16:00

Fundarstaður Borgatún 14. Laufbrekka 5.hæð.

## Nemendamiðað skólastarf

### Fundarstaður Borgartún 14 Laufbrekka 7. hæð, 29.apríl kl. 14.30.

Mættir: Nanna Kristín Christiansen, Eygló Rúnarsdóttir, Andri Snær Magnason, Gunnar Björn Melsted, Ragnheiður Þórarinsdóttir, Bryndís Jónsdóttir og Kristín Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Linda Heiðarsdóttir og Þorsteinn Davíð Stefánsson boðuðu forföll.

Þetta gerðist:

- Nanna Kristín setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
- Ragnar K. Gestson grunnskólakennari í Barnaskóla Eyrabakka og Stokkseyrar kynnti verkefni í samfélagsfræði sem hann kenndi 9. og 10. bekk árið 2012.
- Fyrirmynd af verkefninu er sótt til Danmerkur en í verkefninu fellst að nemendum gefst tækifæri til að kynnst því sem er að gerast út í samfélaginu.
- Ragnar bauð fulltrúum allra stjórnmalaflokka að koma og kynna stefnu sína fyrir nemendum, einnig fóru þeir á þingpalla og fylgdust með umræðunni þar.
- Margrét Frímansdóttir fangelsisstjóri á Litla Hrauni fyrirverandi nemandi í skólanum og stjórnandi í fjölmennasta atvinnufyrirtækis á staðnum kom í bekkinn og sagði þeim frá störfum sínum gegn um tíðina.
- Einnig kom Andri Snær Magnason og ræddi um verndum náttúrunnar og umhverfis.
- Ragnar fékk mikið hrós fyrir verkefnið frá foreldrum nemenda.
- Ragnar sagði að leiðin að lýðræðislegu skólastarfi væri að opna skólann en frekar fyrir samfélaginu og að gefa nemendum tækifæri til að sækja meiri fróðleik út í samfélagið.

Fundi slitið kl. 16.00

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 13. maí 14:00 – 16:00

Fundarstaður Borgartún 14. Laufbrekka 5.hæð.

Fundarefni: Starfshópurinn geri áætlun að innleiðingu tillagna í skýrslu starfshópsins.

## Nemendamiðað skólastarf

### Fundarstaður Borgartún 14 Laufbrekka 7. hæð, 29.apríl kl. 14.30.

Mættir: Nanna Kristín Christiansen, Eygló Rúnarsdóttir, Andri Snær Magnason, Gunnar Björn Melsted, Ragnheiður Þórarinsdóttir, Bryndís Jónsdóttir og Kristín Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Linda Heiðarsdóttir og Þorsteinn Davíð Stefánsson boðuðu forföll.

Þetta gerðist:

- Nanna Kristín setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
- Ragnar K. Gestson grunnskólakennari í Barnaskóla Eyrabakka og Stokkseyrar kynnti verkefni í samfélagsfræði sem hann kenndi 9. og 10. bekk árið 2012.
- Fyrirmynd af verkefninu er sótt til Danmerkur en í verkefninu fellst að nemendum gefst tækifæri til að kynnst því sem er að gerast út í samfélaginu.
- Ragnar bauð fulltrúum allra stjórnmalaflokka að koma og kynna stefnu sína fyrir nemendum, einnig fóru þeir á þingpalla og fylgdust með umræðunni þar.
- Margrét Frímansdóttir fangelsisstjóri á Litla Hrauni fyrirverandi nemandi í skólanum og stjórnandi í fjölmennasta atvinnufyrirtækis á staðnum kom í bekkinn og sagði þeim frá störfum sínum gegn um tíðina.
- Einnig kom Andri Snær Magnason og ræddi um verndum náttúrunnar og umhverfis.
- Ragnar fékk mikið hrós fyrir verkefnið frá foreldrum nemenda.
- Ragnar sagði að leiðin að lýðræðislegu skólastarfi væri að opna skólann en frekar fyrir samfélaginu og að gefa nemendum tækifæri til að sækja meiri fróðleik út í samfélagið.

Fundi slitið kl. 16.00

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 13. maí 14:00 – 16:00

Fundarstaður Borgartún 14. Laufbrekka 5.hæð.

Fundarefni: Starfshópurinn geri áætlun að innleiðingu tillagna í skýrslu starfshópsins.

## Nemendamiðað skólastarf

### Fundarstaður Borgartún 14 Laufbrekka 7. hæð, 21. maí kl. 14.00.

Mættir: Nanna Kristín Christiansen, Eygló Rúnarsdóttir, Andri Snær Magnason, Linda Heiðarsdóttir, Gunnar Björn Melsted, Ragnheiður I Þórarinsdóttir, Bryndís Jónsdóttir, Þorsteinn Davíð Stefánsson og Kristín Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð. Ragnheiður I Þórarinsdóttir boðaði forföll.

Þetta gerðist:

Nanna Kristín setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

- Sif Vígbórsdóttir skólastjóri Norðlingaskóla kynnti nemendamiðað skólastarf í Norðlingaskóla. Afhenti Sif starfshópnum kynningagögn um skólastarfið þar kom eftirfarandi fram:
- **Áformin** – Einstaklingsmiðuð – Markmið – Vikuleg áætlunargerð- Samkomulag kennara og nemenda í ÚllóNolló. **Áhugasvið** – Einstaklingssamninga – Markmiðssetning - Tvíhliða samningur – Jafningafræðsla. **Stundarskráin** – Nemendur geta ákveðið hvað þeir gera í námi sínu í ákveðin tíma í viku hverri. **Námsumhverfi í ÚllóNolló** – Spegluð kennsla, óstaðbundin og ekki bundin við tíma – Rafrænir starfshættir. **Nemendalýðræði** – Skólaláing – námsnefndir, bekkjafundir, matssamtöl, samráðsfundir með stjórnendum, nemendaviðtöl og fl **Námsmatið** –matssamtöl, einstaklingsmiðað markmiðstengt námsmat mismunandi eftir nemendum. **Valgreinar** – Nemendur ákveða hvað er í boði hverju sinni eða hafa a.m.k. mikil áhrif á það. **Smiðjur** – einn dagur í viku ( 4 klukkutímar) þemavinna þvert á árganga – margvísleg samkennsla árganga – mikil verkleg vinna. **Samráðsfundir** með stjórnendum – Velgengnisóskalisti. **Val um kennara/ umsjónarkennara** – Val um til kvaða kennara nemendur vilja leita og að hluta til um umsjónakennara. **Annað** – Klúbbskólinn, viðhorfin, áhrif foreldra og margt fleira.
- Bryndís afhenti starfshópnum árskýrslu SAMFOK.
- Gunnar Björn bauð starfshópnum á starfendakynningu og smiðjulok Dalskóla 4. júní.
- Starfshópnum verða send lokaskýrslu starfshópsins til yfirlestrar 26. maí.

Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 28. maí 14:00 – 16:00

Fundarstaður Borgartún 14. Laufbrekka 5.hæð.

Fundi slitið kl. 15.45